


Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

2004



Umhverfisstofnun
Áb. <u>AS</u> <u>EE</u>
07 JUNI 2005
<u>40</u>
TILV <u>UST20050200056</u>

Efnisyfirlit:

	bls.
1. Yfirlýsing stjórnar	2
Frávik á sviði umhverfismála	
Undirritun stjórnar félagsins	
2. Staðfesting endurskoðanda	4
Staðfesting og áritun PWC	
3. Almennar upplýsingar	5
Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit	
Stjórn félagsins	
4. Umhverfisstefna Stjörnugrís hf.	6
5. Lykiltölur um umhverfismál	7
Hráefnis og auðlyndanotkun	
Framleiðsluferill starfseminnar	
Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur	

Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

1. Yfirlýsing stjórnar:

Frávik á sviði umhverfismála 2004.

Árið 2004 var að mörgu leyti betra ár í framleiðslu á svínakjöti en árið á undan. Nokkrir framleiðendur svínakjöts lögðu upp laupana sem leiddi til þess að markaðurinn jafnaði sig og undirboð á markaði minnkaði. Verð á svínakjöt náði lágmarki 2003, lækkaði þá niður úr öllu valdi og voru sláturhús farin að kaupa svínakjöt langt undir framleiðsluverði. Á árinu 2004 hækkaði verð til framleiðanda að meðaltali um 30 – 40 % og má segja að sú verðbreyting renni á ný stoðum undir framleiðsluna.

Hjá Stjörnugrís hf. jókst sala á framleiðslunni um 38% í krónum talið á milli árana 2003 og 2004. Rekstrarleg útkoma var eftir væntingum miðað við aðstæður og tókst fyrirtækinu að ná sínum markmiðum. Hér er helst að þakka hagkvæmum innri rekstrarskilyrðum, aðhaldssemi og sparnaði, ásamt mikilli sjálfvirkni í tækjabúnaði fyrirtækisins. Í framleiddu magni jókst framleiðslan u.þ.b. 5% milli áranna.

Á sviði umhverfismála hafði þetta þau áhrif að fóðurnotkun jókst samfara framleiðsluaukningu um 7,8%. Vegna betri nýtingar og aukins aðhalds í rekstri var önnur hráefnisnotkun s.s. orka, olíunotkun og vatn minni en á árinu á undan. Urðun dauðra dýra og losun seyru (saur og hland) jókst samfara framleiðsluaukningu.

Allt frá byrjun starfseminnar hefur verið miðað við þauleldi á fráfarugrísunum og er öll framleiðsla og tækjabúnaður óbreyttur frá upphafi. Á Melum er nú öll starsemi miðuð við þauleldi á 8400 grísum frá 7 – 100 kg. Allur tæknibúnaður sem aðallega er notaður við fóðrun dýranna er nýr af nálinni og engar stórvægar bilanir eða óhöpp komið upp á. Góð staðbundin þekking á gangvirkni búnaðar er til staðar.

Ekki er vitað um nein sérstök tilfelli um mengunaróhöpp og tekið hefur verið á öllum athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um leið og þær hafa borist.

Verulegar breytingar eða uppfærslur á tæknibúnaði hafa ekki verið framkvæmdar frá því að Stjörnugrís hf. hóf starfsemi sína á Melum þó svo að alltaf sé verið að leita leiða við að nýta orkugjafa sem best og finna sparnaðarleiðir. Við gerðum nákvæma úttekt á raforkunotkun á svæðinu með það fyrir augum að jafna nýtingu rafmagns eins og frekast er unnt og dreifa álagi jafnt yfir sólarhringinn. Þessar aðgerðir báru viðunnandi árangur á árinu.

Vegna starfsemi svínabúsins er mikil orka notuð á Melum. Árið 2004 keypti Stjörnugrís hf. verulegt magn af olíu til upphitunar búsins. Svínabúið er í um 4,5 km. fjarlægð frá aðveituæð Hitaveitu Akranes og Borgarfjarðar ef farin er stysta leið. Bréf var sent til Hitaveitunnar þar sem óskað var eftir viðræðum um kaup á heitu vatni fyrir svínabú


fyrirtækisins að Melum í Melasveit. Þessi framkvæmd hefur í för með sér mikinn sparnað og minnkandi notkun á dýrum innfluttum orkumiðli, verði hún að veruleika. Ekki hafa komið fram neinar niðurstöður í þessu máli á árinu. Sama erindi hefur verið borið upp við Orkuveitu Reykjavíkur sem nú er með málið í athugun. Væntum við þess að jákvæð niðurstaða fáið í málinu.

Búið notar kalt vatn frá eigin vatnsbóli í landi Narfastaða í Melasveit. Vatnsleiðslan er um 5 km. löng frá brunninum. Ekki er vitað nákvæmlega um heildarnotkun á köldu vatni sem nýtt er hverju sinni. Hægt er þó að áætla það nokkurn veginn út frá þeirri staðreynd að grís frá 7 til 100 kg. drekkur að meðaltali 5 lítra af vatni á dag. Samkvæmt því þá er notkun á köldu vatni fyrir þauleldið u.þ.b. 15,4 milljónir lítra á ári. Við þetta bætist síðan neysluvatn fyrir starfsmenn sem eru 3 – 4 hverju sinni.

Hræ svína sem drepast og þeirra sem þarf að aflífa á eldistímanum eru keyrð í gámum á viðurkennda urðunarstöð Sorpu að Fíflholti við Borgarnes. Losun seyra á sér stað á vorin og haustin samkvæmt starfsleifi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fer losun fram á landssvæði í eigu félagsins.

Stjórn fyrirtækisins staðfestir hér með upplýsingar sem fram koma í skýrslu þessari.

Melar, 24. maí 2005


Geir Gunnar Geirsson Hjördís Gissurardóttir Geir Gunnar Geirsson
kt. 070845 – 2619 kt. 171250 – 2269 kt. 240271 – 4199

2. Staðfesting endurskoðanda.

Staðfesting og áritun skýrslunnar.

Áritun endurskoðanda.


Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Stjórnugrís hf. fyrir árið 2004 sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Stjórnugrís hf. fyrir árið 2004 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 25. maí 2005

PricewaterhouseCoopers hf



Gunnar Þór Asgeirsson
föggjafur endurskoðandi

3. Almennar upplýsingar.

Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit.

Starfsleyfishafi er Stjörnugrís hf. Melum, Leirár- og Melahreppi, 301 Akranesi kt. 600667 - 0179.

Útgefandi starfsleyfis fyrir Stjörnugrís hf. er Helbrigðiseftirlit Vesturlands og er útgáfudagur leyfisins 29. október 2003 og gildir það til 29. október 2007.

Eftirlitsaðili er sá sami og útgefandi starfsleyfis.

Númer fyrirtækjaflokks samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni er: **6.6. liður b.**

Í stjórn Stjörnugrís hf. sitja eftirfarandi aðilar:

Geir Gunnar Geirsson Vallá, 116 Reykjavík kt. 070845 - 2619

Hjördís Gissurardóttir Vallá, 116 Reykjavík kt. 171250 - 2269

Geir Gunnar Geirsson Byggðarholti 20, 270 Mosfellsbær kt. 240271 - 4199

Tímabilið sem upplýsingar varðandi “Grænt bókhald” ná yfir er reikningsárið 2003 og 2004.

Starfsemi fyrirtækisins er svínarækt og er svínabú fyrirtækisins að Melum með stæði fyrir 8400 alisvín frá 7 – 100 kg. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Stjörnugrís hf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið, hámarksnýta hráefni (fóður, orku og vatn bæði heitt og kalt) og minnka úrgang (seyra og líkhamsleifar) eftir því sem frekast er unnt.

Þessir þættir starfseminnar verða þungamiðja upplýsingaöflunar okkar fyrir “Grænt bókhald” fyrirtækisins í framtíðinni. Það er stefna Stjörnugrís hf. að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Við stefnum að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Við losun úrgangs er þess fyllilega gætt að hann valdi ekki skaða í náttúru eða umhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um umhverfisstefnu þess og framfylgja henni í samráði við stjórnendur og eigendur fyrirtækisins.

Nýlega var ráðist í miklar framkvæmdir umhverfis byggingar. Tæplega 6000 fermetra plan malbikað og u.þ.b. 500 aspartre gróðursett. Þetta hefur í för með sér mun minni órækt við veggj hússins ásamt því að umhverfið verður allt umhverfis- og vinnuvænna.

Stjörnugrís hf. vill vera umhverfisvænt fyrirtæki. Með því tekur það þátt í þeirri ábyrgð að skila heilbrigðu umhverfi til næstu kynslóða. Tilgangur með umhverfisstefnu og “Grænu bókhaldi” okkar er fjórþættur:

- Lágmarka losun á óæskilegum úrgangi frá vinnslunni út í umhverfið.
- Auka nýtingu vatns og orku t.d. með innlendum orkugjöfum.
- Bæta hráefnisnýtingu eftir því sem kostur er (t.d. fóður og vítamín)
- Að vera snyrtilegur starfsvettvangur sem sé umhverfinu, eigendum og starfsmönnum okkar til sóma.

4. Almenn umhverfisstefnu Stjörnugrís hf.

Við hjá Stjörnugrís hf. munum kappkosta að fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál. Við munum fræða, þjálfa og hvetja alla starfsmenn okkar til að vinna verk sín á umhverfisvænan hátt ásamt því að vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum til að lágmarka óæskileg umhverfisáhrif af völdum starfseminnar.

Við ætlum okkur að framkvæma þetta m.a. með því að:


- Vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- Lágmarka loftmengun og rykmengun eins og kostur er.
- Lágmarka magn líkamsleifa sem fara til urðunar.
- Lágmarka hættu á jarðvegmengun af völdum úrgangs s.s. saur, hland og líkamsleifa.

Jafnframt þessu munum við taka fullt tillit til umhverfisáhrifa þegar eftirfarandi þættir starfseminnar fara fram:

- Val á nýjum framleiðsluferlum.
- Vörubrúun og markaðssetningu afurða okkar.
- Innkaup á hráefnum til framleiðslunnar.
- Sölu afurða til viðskiptavina.
- Framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar á staðnum
- Færa grænt bókhald og birta í ársskýrslu fyrirtækisins.
- Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með úrbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.

5. Lykiltölur um umhverfismál – Hráefnis- og auðlyndanotkun.

Framleiðsluferill starfseminnar er í stórum dráttum þessi:



Bjarnastaðir: Stofn- og lífdýraframleiðsla.
Vallá á Kjalarnesi: Framleiðsla smágrísa allt að 7 kg.
Sléttaból á Skeiðum: Aðkeypt framleiðsla frá Sléttusvín hf., Sléttabóli á Skeiðum.
Melar í Melasveit: Grísældi 7 – 100 kg.
Saltvík á Kjalarnesi: Sláturhús, kjötskurður og sala. Höfuðstöðvar fyrirtækisins.

Hráefni, auðlyndir, orka og úrgangur:

Eftirfarandi upplýsingar eru m.a.fengnar úr bókhaldi félagsins fyrir 2004 í samanburði við sambærilegar upplýsingar fyrir árið 2003 og 2002.

Hér koma upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þá er enn fremur hér að finna tölulegar upplýsingar um urðun líkamsleifa og losun úrgangsefna (seyra). Allar upplýsingar eru gefnar upp í stöðlum (vísitölu) þar sem grunnár er 2002 (Staðall = 100)

	Staðall 2002	Staðall 2003	Staðall 2004	Aukning 2003/2004
Velta í kg. :	100	110	115,3	4.8%
Hráefni:				
Fóðurnotkun:	100	109,4	117,9	7.8%
Samsetning fóðurs:				
• Bygg				
• Hveiti				
• Soja				
• Fiskimjöl				
• Fita				
• Vítamín				frh.

	Staðall 2002	Staðall 2003	Staðall 2004	Aukning 2003/2004
Olía í lítrum	100	98,1	90,5	- 7.7%
Raforka:	100	89,3	85,9	- 3.8%
Jarðhitavatn:	Ekki notað	Ekki notað	Ekki notað	Viðræður í Gangi við OR
 Kalt vatn	 100	 100	 100	 Áætlun
Úrgangsefni:				
Seyra (saur & hland)	100	110,1	115,4	4.9%
Líkamsleifar	100	109,9	115,2	4.8%